

Almennar upplýsingar um Frístund:

Frístund Síðuskóla sími 461-3473. Netfangið er grh@akmennt.is

Frístund er fyrir 1.-4. bekk og er hluti af skólastarfinu og fylgir stefnu skólans. Börnin eiga kost á dvöl í Frístund eftir að skólatíma lýkur til kl. 16:15.

Markmið

Meginmarkmið Frístundar er að sameina uppeldi og menntun við hæfi þeirra barna sem Frístundar njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að efla sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Að skapa börnunum umhverfi með aðstöðu til fjölbreyttra leikja og vinnu. Börnunum er gefinn kostur á að velja úr tilboðum um margvísleg verkefni þar sem þau geta fengið útrás fyrir leikja-, hreyfi- og sköpunarþörf.

Skráning

Forskráning fer fram á vorin um leið og 6 ára börn eru innrituð í skólann. Í ágúst þarf að staðfesta skráninguna og skrifa undir dvalarsamning. Lágmarks tímafjöldi er 20 tímar á mánuði.

Skráningargjald.....7.360 kr.

Hver klukkustund fyrstu 20 klst.368 kr.

Hver klukkustund eftir fyrstu 20 klst.368 kr.

Síðdegishressing pr. dag135 kr.

Innheimta

Innheimta fer í gegnum innheimtukerfi bæjarins. Systkinaafsláttur gildir á milli Frístundar, leikskóla og dagmæðra.

Staðfest skráning gildir út allt skólaárið. Felur hún í sér tímann sem barnið er í Frístund á hverjum degi, sem foreldri greiðir fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á skráningu er 1 mánuður.

Starfsfólk

Starfsmenn frístundar eru: Guðmundur Rúnar Helgason umsjónarmaður, Sigurbjörg Snæbjörnsdóttir, Dagrún Birna Hafsteinsdóttir, Jóna Guðný Jónsdóttir, Gyða Valdís Traustadóttir og Raket Sif Vignisdóttir.

Lokunardagar frístundar

Skólaárið 2017 -2018 verður lokað 6. október (til hádegis), 27. nóvember (til hádegis) 3. janúar (allan daginn).

Breytingar á mánaðarlegri skráningu er hægt að gera, ef það er gert fyrir 20. næsta mánaðar á undan.

Á löngum dögum þegar Frístund er opin allan daginn og á þeim dögum sem ekki er hefðbundin kennsla gildir föst skráning EKKI og þarf að skrá sérstaklega á þá daga og er greitt sérstaklega fyrir þá. Fyrir þessa daga þarf að skrá nemandan fyrir 20. næsta mánaðar á undan með því að senda tölvupóst á umjónarmann frístundar. Þessir dagar eru merktir á skólalagatalinu.

Viðtalsdagur umsjónarmanns Frístundar er föstudaga kl. 9 – 10.